

## REGLUGERÐ

### um bílaleigur.

#### 1. gr.

##### *Gildissvið.*

Reglugerð þessi gildir um leigu á skráningarskyldum ökutækjum án ökumanns, til aksturs á vegum. Reglugerðin tekur þó ekki til starfsemi kaupleigu- eða fjármögnunar- fyrirtækja eða leigu í eigin þágu eða til tengdra aðila.

Ekki þarf leyfi til reksturs bílaleigu ef um er að ræða útleigu annars konar skráningarskyldra ökutækja en bifreiða svo sem þeirra sem ætluð eru til aksturs utan vegakerfis, eins og fjórhjóra og vélsleða.

#### 2. gr.

##### *Umsókn um starfsleyfi.*

Sækja skal um starfsleyfi til reksturs bílaleigu til Vegagerðarinnar á sérstökum eyðublöðum sem þar liggja frammi og eru jafnframt aðgengileg á rafrænu formi á heimasíðu Vegagerðarinnar. Umsókn skal skilað að minnsta kosti mánuði áður en fyrirhuguð starfsemi á að hefjast.

Umsækjendur geta verið hvort sem er einstaklingar, félög, fyrirtæki eða stofnanir. Í umsókn skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitala umsækjanda.
2. Nafn, kennitala og heimilisfang bílaleigu.
3. Upplýsingar um fjölda starfsstöðva.
4. Aðsetur fastrar starfsstöðvar.
5. Staðsetning útibúa.
6. Nafn og kennitala framkvæmdastjóra.
7. Nöfn og kennitölur fyrirsvarsmanna útibúa.
8. Hvenær starfsemin hófst, ef bílaleiga hefur haft leyfi áður.

Jafnframt skulu eftirfarandi gögn fylgja umsókn:

1. Sakavottorð framkvæmdastjóra bílaleigunnar, fyrirsvarsmanna útibúa og stjórnarmanna ef um félag er að ræða.
2. Staðfesting á starfsábyrgðartryggingu skv. 4. gr.
3. Búsetuvottorð framkvæmdastjóra og fyrirsvarsmanna útibúa.
4. Staðfesting á búsetuvottorði framkvæmdastjóra og fyrirsvarsmanna útibúa.
5. Afrit eldra leyfis umsækjanda, ef það hefur verið gefið út.
6. Listi yfir bifreiðar eða önnur ökutæki til útleigu þegar umsókn er gerð (tegund – árgerð – skráningarnúmer).

Vegagerðin aflar umsagnar lögreglustjóra í því umdæmi þar sem bílaleiga mun hafa fasta starfsstöð.

#### 3. gr.

##### *Starfsleyfi bílaleiga.*

Sá einn getur fengið starfsleyfi Vegagerðarinnar til reksturs bílaleigu sem uppfyllir skilyrði 4. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 með síðari breytingum. Starfsleyfi er veitt til fimm ára í senn og skal greiða gjald fyrir útgáfu þess kr. 25.000.

Um starfsleyfi fer að öðru leyti eftir ákvæðum 3. og 4. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 með síðari breytingum.

#### 4. gr.

##### *Starfsábyrgðartrygging.*

Áður en starfsleyfi er veitt skal umsækjandi leggja fram staðfestingu þess efnis að vegna bílaleigunnar hafi verið tekin starfsábyrgðartrygging hjá váttryggingafélagi sem starfsleyfi hefur hér á landi. Skal váttryggingin bæta leigutökum almennt fjártjón er stjórnendur og starfsmenn bílaleigunnar af gáleysi kunna að baka þeim vegna vanefndar á leigusamningi, t.d. vegna afhendingartafa og endurgreiðslu fyrirframgreidds fjár sökum rekstrarstöðvunar eða gjaldþrots bílaleigu. Einungis beint fjárhagslegt tjón leigutaka skal greitt af tryggingunni en ekki tjón sem rekja má t.d. til óþæginda eða miska.

Váttryggingin skal gilda vegna reksturs bílaleigunnar hvar sem er innan Evrópska efnahagssvæðisins.

Heimilt er að leggja fram samsvarandi bankaábyrgð í stað váttryggingar hjá váttryggingafélagi að mati Vegagerðarinnar.

Starfsábyrgðartrygging bílaleigu skal vera 250 þús. krónur hið lægsta vegna hvers einstaks tjónsatviks. Heildarfjárhæð váttryggingabóta innan váttryggingarárs skal að lágmarki vera eftirfarandi miðað við fjölda bifreiða eða annarra ökutækja, til útleigu:

|                                     |                  |
|-------------------------------------|------------------|
| 1 – 10 bifreiðar eða önnur ökutæki  | 1 millj. króna   |
| 11 – 25 bifreiðar eða önnur ökutæki | 1,5 millj. króna |
| 26 – 50 bifreiðar eða önnur ökutæki | 2,5 millj. króna |
| 51 – 75 bifreiðar eða önnur ökutæki | 3,5 millj. króna |
| > 75 bifreiðar eða önnur ökutæki    | 5 millj. króna   |

Váttryggingarfjárhæðir eru miðaðar við vísitölu neysluverðs í maí 2000 (198,4 stig) og skulu breytast 1. maí ár hvert í samræmi við breytingar á vísitölunni til þess tíma.

Heimilt er að semja um eigin áhættu váttryggingartaka, en slíkt má í engu skerða rétt leigutaka til bóta úr hendi váttryggingafélags.

Váttryggingafélagi er heimilt að endurkrefja hvern þann sem valdið hefur tjóni af stórkostlegu gáleysi.

Skilmálar váttryggingar skulu kynntir Vegagerðinni áður en váttrygging er boðin bílaleigum.

Falli starfsábyrgðartrygging úr gildi skal hlutaðeigandi váttryggingafélag eða banki tilkynna það viðkomandi bílaleigu (váttryggingartaka) og Vegagerðinni þegar í stað. Váttryggingartímabili telst ekki lokið fyrr en átta vikur eru frá því að tilkynnt var um tryggingaslit, nema önnur fullnægjandi trygging hafi verið tekin.

Uppfylli bílaleiga ekki skilyrði reglugerðar þessarar um starfsábyrgðartryggingu er henni skylt að leggja inn starfsleyfi sitt til Vegagerðarinnar.

#### 5. gr.

##### *Skyldur bílaleigu.*

Bílaleiga skal í hvívetna leysa störf sín af hendi svo sem góðar viðskiptavenjur bjóða. Hún skal gæta þess að viðskiptamenn hennar njóti jafnræðis um upplýsingar, verð og önnur viðskiptakjör, svo og þess að leigutaka séu eigi settir ólögmatir, ósanngjarnir eða óeðlilegir skilmálar í samningum. Bílaleiga ber ábyrgð á verkum starfsmanna sinna við leigu bifreiða.

Bílaleiga skal rekin á fastri starfsstöð sem skal vera opin almenningi á tilgreindum tíma sem auglýstur skal með skýrum og ótvíráðum hætti og er skylt að hafa starfsstöð opna á auglýstum tíma. Sama gildir um opnunartíma útibúa bílaleiga.

Skylt er að leyfisbréf bílaleigunnar liggi frammi á fastri starfsstöð hennar og afrit þess í útibúum.

Ökutæki sem leigð eru út á grundvelli bílaleiguleyfis, skulu vera skráð sem slík hjá Umferðarstofu, í samræmi við þær reglur sem þar gilda á hverjum tíma um skráningu ökutækja um leigu í atvinnuskyni án ökumanns. Bílaleigu er óheimilt að leigja út ökutæki nema þau hafi áður verið skráð slíkri skráningu.

Bílaleiga skal tryggja að ökutæki til útleigu séu ætíð í góðu ásigkomulagi og fullnægi kröfjum sem gerðar eru um þau. Bílaleiga skal færa ökutæki til útleigu til lögboðinnar skoðunar.

Bílaleiga skal bjóða upp á ökutæki til útleigu jafnt til almennings sem fyrirtækja.

Bílaleiga skal upplýsa erlenda leigutaka um íslenskar umferðarreglur, umferðarmerki og reglur um bann við umferð utan vega, bann við akstri á tilteknum hálendisvegum á hverju tíma og um hættur sem kunna að fylgja akstri utan þjóðvega, sérstaklega um hálendið. Jafnframt skal bílaleiga vekja sérstaka athygli leigutaka á hættu sem stafar af dýrum á vegum.

#### 6. gr.

##### *Leigusamningur.*

Bílaleiga skal sjá um að ávallt sé gerður skriflegur leigusamningur um leigu á bifreið eða öðru ökutæki sem undirritaður skal af leigutaka og leigusala.

Bílaleiga skal kynna leigutaka efni leigusamningsins og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun leigusamningsins.

Leigusamningurinn skal gerður í að minnsta kosti tveimur eintökum og bílaleiga og leigutaki heldur hvor um sig einu eintaki leigusamningsins.

Í leigusamningi skulu eftirfarandi atriði að minnsta kosti koma fram:

1. Fullt nafn bílaleigu, kennitala og heimilisfang.
2. Fullt nafn leigutaka, kennitala og heimilisfang.
3. Númer vegabréfs ef ekki er um íslenska ríkisborgara að ræða.
4. Nafn þess eða nöfn þeirra sem heimild hafa til að aka bifreiðinni eða ökutækinu.
5. Númer ökuskráteinis.
6. Skráningarnúmer bifreiðar eða ökutækis.
7. Upphaf og lok leigutíma miðað við dag og klukkustund.

Að öðru leyti skulu leiguskilmálar vera samkvæmt fylgiskjali með reglugerð þessari. Leiguskilmálar skulu prentaðir á bakhlið leigusamnings í það minnsta á íslensku og ensku.

Bílaleiga skal varðveita leigusamning í að minnsta kosti eitt ár frá undirritun hans.

#### 7. gr.

##### *Leigutaki.*

Sá einn sem hefur tilskilin ökuréttindi, getur leigt bifreið eða annað ökutæki. Bílaleigu er þó heimilt að gera leigusamning við einstakling sem ekki hefur tilskilin ökuréttindi, enda tilnefni hann ökumann í leigusamningi og má sá aka bifreiðinni eða ökutækinu. Skal ökumaður ávallt uppfylla framangreind skilyrði. Sama gildir ef leigutaki er félag eða annar lögadili.

Leigusamningur skal ávallt vera í bifreiðinni meðan á leigutíma stendur.

Leigutaka er óheimilt að nota bifreiðina eða ökutækið til flutnings farþega gegn greiðslu, lána það eða framleigja.

Leigutaka er óheimilt á leigutíma, án samþykkis bílaleigu, að flytja ökutækið sem hann hefur á leigu úr landi.

8. gr.

*Refsiákvæði o.fl.*

Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 með síðari breytingum.

9. gr.

*Gildistaka o.fl.*

Reglugerð þessi er sett með heimild í 8. gr. laga um bílaleigur nr. 64/2000 með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt falla úr gildi reglugerð nr. 398/2000 og reglugerð nr. 733/2001.

*Samgönguráðuneytinu, 31. ágúst 2006.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

### **Fylgiskjal.**

#### **Leiguskilmálar fyrir bílaleigu.**

*Skyldur leigutaka:*

- 1) Leigutaki samþykkir ákvæði leigusamnings þessa og hefur fengið afrit af honum.
- 2) Leigutaki skal skila ökutækinu:
  - a) ásamt öllum fylgihlutum (þ.m.t. hjólbörðum og verkfærum) í sama ásigkomulagi og það var við móttöku að undanskildu eðlilegu sliti vegna notkunar.
  - b) á tilskildum tíma samkvæmt samningi þessum nema um annað verði samið síðar.
  - c) til aðseturs leigusala nema um annað hafi verið samið.
- 3) Skili leigutaki ekki ökutækinu á réttum tíma samkvæmt leigusamningi þessum, eða láti vita um áframhaldandi leigu er leigusala eða lögreglu heimilt að taka ökutækið í sína vörslu án frekari fyrirvara, á kostnað leigutaka. Áframhaldandi leiga er háð samþykki leigusala. Skili leigutaki ökutækinu 1 klst. eða síðar eftir að samningstími rennur út er leigusala heimilt að innheimta allt að sólarhringsgjaldi samkvæmt leigusamningi þessum.
- 4) Ökutækinu skal stjórnað og ekið gætilega. Einungis þeir sem skráðir eru ökumenn á framhlið samnings þessa hafa leyfi til að aka ökutækinu. Leigutaki ber ábyrgð á tjóni sem leiðir af notkun ökutækisins og ekki fæst bætt af váttryggingarfélagi ökutækisins, þ.m.t. tjóni á ökutækinu og/eða farþegum sem rekja má til eftirtalinna hluta:
  - a) Aksturs utan vega.
  - b) Aksturs í ám eða hvers konar vatnsföllum.
  - c) Ásetningsverka eða stórkostlegs gáleysis.
  - d) Notkunar ökumanns á vímugjöfum.
  - e) Notkunar ökutækisins er brýtur í bága við landslög og/eða ákvæði leiguskilmála þessara.

- 5) Sé um árekstur eða óhappatilviljun að ræða, skal leigutaki tafarlaust tilkynna um atburðinn til viðkomandi lögreglufyrivalda svo og leigusala og má eigi yfirgefa staðinn, fyrr en lögregla kemur.
- 6) Kílómetrafjöldinn (km) sem ökutækinu er ekið meðan samningur þessi er í gildi, ákvarðast með álestri á venjulegan kílómetramæli sem fylgir ökutækinu frá framleiðanda. Leigutaki skal tilkynna leigusala svo fljótt sem auðið er, ef kílómetramælirinn er eða verður óvirkur á leigutímanum.
- 7) Leigusali er ekki ábyrgur fyrir hvarfi muna eða skaða á þeim, sem leigutaki, eða einhver annar aðili, geymdi eða flutti í eða á ökutækinu.
- 8) Leigutaki samþykkir að greiða leigusala samkvæmt kröfu:
  - a) Geymslufé, er nemi áætluðum leigukostnaði.
  - b) Öll útgjöld, sem leigusali verður fyrir, ef hann þarf að koma ökutækinu til baka til aðseturs leigusala hafi það verið skilið eftir eftirlitslaust, án tillits til ástands ökutækisins, vega eða veðurs.
- 9) Leigutaka er óheimilt að láta fara fram viðgerðir eða breytingar á ökutækinu og fylgihlutum þess eða leyfa nokkra veðsetningu á því án áður fengins samþykkis leigusala.
- 10) Leigutaki er ábyrgur fyrir öllum stöðumælasektum og sektum fyrir umferðarlagabrot.
- 11) Leigutaka er óheimilt að nota ökutækið til flutninga á farþegum gegn greiðslu, lána það eða framleigja.

*Skyldur leigusala:*

- 12) Leigusali ábyrgist afhendingu ökutækis á umsömdum tíma og að það fullnægi kröfum sem gerðar eru um það.
- 13) Bili ökutækið skal leigusali afhenda leigutaka sambærilegt ökutæki svo fljótt sem auðið er. Ef bilunin er minniháttar er leigusala með samþykki leigutaka heimilt að láta framkvæma viðgerð á ökutækinu.
- 14) Leigusali skal kynna leigutaka efni leigusamnings þessa og sérstaklega þær skyldur sem hann tekur á sig með undirritun hans.
- 15) Leigusali skal upplýsa erlenda leigutaka um íslenskar umferðarreglur, umferðarmerki og reglur um bann við umferð utan vega. Jafnframt skal leigusali vekja sérstaka athygli á hættu sem stafar af dýrum á vegum.
- 16) Vilji leigusali takmarka notkun ökutækis með hliðsjón af útbúnaði þess og/eða ástandi vega skal það gert skriflega við undirritun leigusamnings þessa.
- 17) Leigusali ábyrgist að vera ávallt með gilda starfsábyrgðartryggingu.

*Tryggingar:*

- 18) Innifaldar í leigugjaldi eru lögboðnar ökutækjatrýggingar, þ.e. ábyrgðartrygging og slysa-trygging ökumanns og eiganda.
- 19) Ábyrgðartrygging gagnvart þriðja aðila nemur þeirri upphæð sem íslensk lög kveða á um hverju sinni.
- 20) Leigutaki getur keypt kaskótryggingu sérstaklega. Sjálfsáhætta í hverju tjóni skal tilgreind í samningi þessum.
- 21) Það sem (kaskó)tryggingin nær ekki yfir:
  - a) Skemmdir af ásettu ráði eða sakir stórkostlegrar óvarkárni ökumanns.
  - b) Skemmdir sem verða þegar ökumaðurinn er undir áhrifum áfengis, örvunar- eða deyfilyfja, eða að öðru leyti ófær um að stjórna bifreiðinni á tryggilegan hátt.
  - c) Skemmdir vegna kappaksturs eða reynsluaksturs.
  - d) Skemmdir af hernaði, uppreisn, óeirðum, óspektum.

- e) Skemmdir af völdum dýra.
  - f) Brunagöt á sætum, teppum eða mottum.
  - g) Skemmdir er aðeins varða hjól, hjólbarða, fjaðrir, rafgeymi, gler (annað en rúður), viðtæki, svo og tjón vegna stuldar einstakra hluta ökutækis og skemmdar sem af því stafar.
  - h) Skemmdir af akstri á ósléttri akbraut, svo sem í gírkassa, drifi, öðrum hlutum í eða á undirvagni ökutækisins, skemmdir vegna þess á undirvagni er hljótast af því að ökutækið tekur niðri á ójöfnum akbrautum, svo sem hryggjum eftir veghefla, jarðföstu grjóti á akbraut eða við akbrautarbrúnir. Sama gildir um skemmdir er verða þegar laust grjót hrekkur undir ökutækið í akstri.
  - i) Skemmdir vegna aksturs þar sem bannað er að aka ökutækinu, svo og við akstur á vegatroðningum, götuslóðum, snjósköflum, ís, yfir óbrúaðar ár eða læki, um fjörur, forvöð eða aðra vegleysu. Þó bætast skemmdir er verða þegar ökumaður hefur neyðst til að fara út af akbraut, t.d. vegna viðgerðar á vegi.
  - j) Tjón af völdum þess að sandur, möl, aska, vikur eða önnur jarðefni fjúka á ökutækið.
  - k) Ef ökutækið er flutt sjóleiðina bætist ekki tjón af völdum sjóbleytu.
  - l) Að öðru leyti vísast í almenna skilmála fyrir kaskótryggingu.
- 22) Leigutaki getur keypt sérstaka grjótttryggingu (GP), þjófnaðartryggingu (TP) og vatns-tryggingu (WP) hjá þeim bílaleigum sem selja slíkar tryggingar.

*Almenn ákvæði:*

- 23) Leigusamningur þessi skal ávallt vera í ökutækinu á meðan á leigutíma stendur.
- 24) Viðaukar og breytingar á skilmálum og ákvæðum leigusamnings þessa skulu vera skriflegir.
- 25) Um samninga þá sem gerðir eru á grundvelli ofangreindra skilmála, þar með talið bóta-kröfur sem eftir atvikum kunna að vera gerðar, fer að íslenskum lögum. Gildir það bæði um grundvöll og útreikning bóta. Sama gildir um bótakröfur á grundvelli bótaábyrgðar utan samninga. Rísi mál út af leigusamningi þessum skal málið rekið fyrir varnarþingi leigusala.
- 26) Bent skal á að skjóta má ágreiningsmálum samningsaðila leigusamnings þessa til starfandi úrskurðarnefndar Neytendasamtakanna og Samtaka ferðaþjónustunnar.